

um stigum,— heimskir, sauð-rólegir, en þó ekki lausir við hégómagirni,— er játa það hátíðlega, að þeir trúu ekki neinu því, er ekki sé löngu kannað og margsannað, en þykjast þó þekkja alla hina ómælilegu niðurröðun alheimsins.

Þegar Pythagoras kastaði skoðun almennings á aldri tilverunnar, og þeir fylgjendur hans uppgötvuðu það, að jörðin snérist og af því stafaði dagur og nótt, varð almannarómurinn óður og æfur. Það var trúanlegra, að á hverjum 24 tímum snérist himnarnir ómælilegu utan um þessa litlu jarðarkúlu, sem er ekki stærri en sandkorn á eyðimörku í samanburði við alheiminn. Að sjálfsögðu hljóp almenningsálitið til vopna á móti hugvitsmanninum og hans skoðunum. Það hefir allt af verið þannig. Sókrates drakk eiturbikarinn í þeirri von, að hann losaðist við hjátrú og hleypidóma samtíðarinnar. Anaxagoras var ofsóttur á allan hátt, af því hann dirfðist að segja það, að sólin væri stærri en Grikklands skagi. Og tvö þúsund árum síðar er Galileo ofsóttur fyrir það að sýna fram á stærð sólkerfisins og hlutfallslega smæð jarðarinnar.

Leitin eftir sannleikanum gengur ekki áfram með neinum geysihraða, meðan mannlegar fýsnir og metorð, er mestu ráða í þjóðafyrirkomulaginu, halda áfram að ráða lofum og lögum.

Saga framkvæmdanna sýnir og daglega, að víðtækar og áhrifamiklar uppgötvanir hafa verið gjörðar á mjög einfaldan hátt og það jafnvel óvísindalegan. Rannsóknnum ætti því aldrei að hætta, í hvaða grein sem er. Án þeirra færi öllu aftur. Án hinnar rafurmagnslegu þekkingar væri heimurinn allur annar. Flest af því, sem vér teljum vorar helztu lífsnauðsynjar, hyrfi um leið. Án þess væri samgöngufæri vor ófullkomin. Járnbrautarlestir væri í sífeldri hættu, ef ekki væri hægt að senda hraðskeyti frá einni endastöð til annarar. Þó dettur víst fáum í hug að ljósstafr morgunsólarinnar væri hinir fyrstu flytjendur þess fagnaðarerindis til vor, og að á þeim sömu vængjum, sem þeir berast á til vor utan úr geimnum, berzt rafurmagnsstraumurinn fram og aftur um þenna heim. Skarpskyggni hinna fáu, er bera fullt traust til tilverunnar, sá þetta og benti heiminum á þenna sannleika, og lof sé þeim.

Í dómum vorum um nýjar uppgötvanir reiðum vér oss allt